

Ed.

56. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 3 13. febr. 1943, um verðlag.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Viðskiptaráð skal setja þau skilyrði í innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, sem veitt eru innflytjendum, að ákveðinn hundraðshluti vörunnar skuli seldur til verzlana eða iðnaðarmanna með gildandi heildsöluverði, eftir því sem ástæða kann að þykja til á hverjum tíma. Er óheimilt að afhenda innflytjanda vöruna, nema skráð hafi verið á innflutningsleyfið, að hve miklu leyti viðskiptaráð óskar að nota þessa heimild, eftir að varan hefur verið innflutt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með 4. gr. laga um verðlag er bannað að selja vöru milli heildsöluverzlana innbyrðis eða smásöluverzlana innbyrðis, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildarálagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð er. Eru ákvæði þessi sjálfsögð til þess að fyrirbyggja keðjuverzlun og síhækkandi verðlag á vörunni af þeim ástæðum einum. Hins vegar setja löginn innflytjendum engin takmörk um það að mega selja vöruna alla í smásölu og gagnýta sér þannig bæði heildsölu- og smásöluálagningu, enda munu nú margar tegundir af allra nauðsynlegustu vörum landsmanna vera fluttar inn og seldar þannig, svo sem allt byggingarefni, timbur, sement, járn, dúkar, pípur, eldavélar, miðstöðvar o. fl., flestar tegundir veiðarfæra, auk margra annarra nauðsynja. Af þessum ástæðum hafa fjölmargir afskekktustu landshlutar orðið svo að segja alveg afskiptir um þessar vörur eða orðið að kaupa þær í smásölu í Reykjavík og leggja ofan á það verð margfaldan flutningskostnað. Benti ég greinilega á þessa agnúa, er löginn voru til umræðu á síðasta þingi, og bar þá fram breytingartillögu samkv. þingskj. 378. Undir umræðunum viðurkendi viðskipta- og fjármálaráðherra, að nauðsynlegt væri að tryggja framkvæmd laganna á þann hátt, sem farið var fram á í breytingartillögunni, og lýsti því yfir í Ed., að hann skyldi fyrirskipa viðskiptaráði að framkvæma þau þannig. Á þessu hefur þó orðið misbrestur, enda telur viðskiptaráð sig eigi hafa heimild til þess, nema lögnum verði breytt í þá átt, sem hér er farið fram á.

Þess er því vænt, að þessi breyting nái fram að ganga til þess að tryggja einnig einum afskekktu héruðum nauðsynjavörur við sama verði og með sömu kjörum og öðrum landshlutum.